
Skýrsla um starfsemi
yfirkattanevndar
á árinu 2014

1. Hlutverk yfirskattanefndar

Yfirskattanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum, og öðrum lögum þar sem kveðið er á um verkefni og skyldur nefndarinnar.

Yfirskattanefnd er æðsti úrskurðaraðili innan stjórnslunnar í þeim málum sem í valdsvið hennar eru lögð. Ákvörðunum nefndarinnar verður því ekki skotið til fjármálaráðherra eða annars aðila innan stjórnslunnar.

Verkefnum yfirskattanefndar má skipta í þrjá flokka:

- Úrskurðarvald yfirskattanefndar tekur í fyrsta lagi til kærumála vegna ákvarðana ríkisskattstjóra um skatta og skattstofna, svo og vegna annarra ákvarðana ríkisskattstjóra, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Meðal annars úrskurðar yfirskattanefnd um kærur vegna bindandi álita sem ríkisskattstjóri lætur uppi samkvæmt lögum um bindandi álit í skattamálum. Einnig eru sektarákvarðanir ársreikningaskrár vegna vanrækslu á að standa skil á ársreikningi til opinberrar birtingar kærnanlegar til yfirskattanefndar. Ríkisskattstjóri kemur fram gagnvart yfirskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda í þessum málum.
- Í öðru lagi hefur yfirskattanefnd með höndum ákvörðun sekta m.a. samkvæmt lögum um tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt, svo og ákvörðun sekta samkvæmt lögum um bókhald og lögum um ársreikninga, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Skattransóknarstjóri ríkisins er kröfuaðili í sektarmálum.
- Í þriðja lagi úrskurðar yfirskattanefnd í ágreiningsmálum vegna ákvarðana sýslumanna um erfðafjárskatt, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 14/2004, um erfðafjárskatt.

Með lögum nr. 122, 22. desember 2014 voru gerðar ýmsar breytingar á lögum um yfirskattanefnd, auk breytinga á öðrum lögum, með gildistöku 1. janúar 2015. Að því er snerti yfirskattanefnd fólu lagabreytingarnar einkum í sér að nefndin skyldi taka við verkefnum ríkistollanefndar, sem jafnframt yrði lögð niður, og að úrskurðarvald yfirskattanefndar var skilgreint með öðrum hætti en í gildandi lögum. Var þar bæði horft til breytts hlutverks nefndarinnar og annarra breytinga á ýmsum lögum um skatta og gjöld.

2. Tölulegar upplýsingar

2.1. Kærur og önnur mál til yfirskattanefndar árið 2014

Í ársbyrjun 2014 voru 227 mál til meðferðar hjá yfirskattanefnd, en þar af lágu málgögn og eftir atvikum kröfugerð ríkisskattstjóra fyrir í 208 málum sem voru þannig tilbúin til meðferðar.

Á árinu 2014 bárust yfirskattanefnd 345 mál til meðferðar. Þar af voru 313 kærur frá skattaðilum vegna ákvarðana ríkisskattstjóra eða sýslumanns, en sektarmál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins voru 32 talsins. Eru þetta nánast jafnmörg ný mál og bárust á árinu 2013, en allnokkuð færri mál en nemur meðaltali árána 2009–2013. Þetta kemur nánar fram í eftirfarandi yfirliti:

Tafla 1. Ný mál á árunum 2009–2014.

	2009	2010	2011	2012	2013	Meðaltal 2009-2013	2014
Kærur	379	362	599	374	306		313
Sektarmál	75	28	39	32	44		32
Samtals	454	390	638	406	350	448	345

2.2. Afgreidd mál árið 2014

Á árinu 2014 kvað yfirskattanefnd upp 321 úrskurð. Þá lauk tíu málum með öðrum hætti, oftast þannig að kærandi afturkallaði kæru sína. Samtals voru því afgreidd 331 mál hjá yfirskattanefnd árið 2014. Eru það allnokkuð færri mál en afgreidd hafa verið að jafnaði á fimm síðustu árum. Þetta kemur nánar fram í eftirfarandi yfirliti:

Tafla 2. Afgreidd mál á árunum 2009–2014.

	2009	2010	2011	2012	2013	Meðaltal 2009-2013	2014
Úrskurðir							
– kærómál	265	333	378	588	363		280
– sektarmál	76	84	47	32	29		41
Annað	9	8	15	8	16		10
Samtals	350	425	440	628	408	450	331

Í eftirfarandi töflu er gerð nánari grein fyrir afgreiðslu mála hjá yfirskattanefnd árið 2014. Kemur þar fram móttökuár þeirra mála sem afgreidd voru á árinu.

Tafla 3. Afgreidd mál á árinu 2014.

Komuár	Mál til meðferðar 1.1.2014	Ný mál á árinu	Úrskurðir	Önnur málalok	Samtals afgreidd mál	Ólokið 31.12. 2014
2012	3		3		3	
2013	224		214		214	10
2014		345	104	10	114	231
Samtals	227	345	321	10	331	241

Eins og taflan ber með sér voru í upphafi ársins 2014 þrjú mál sem þá höfðu verið lengur en eitt ár til meðferðar hjá yfirskattanefnd. Úrskurðað var í öllum þeim málum á árinu. Þá lauk á árinu meðferð allra mála frá árinu 2013 að tíu málum undanskildum. Um það bil þriðjungur mála sem bárust á árinu 2014 var afgreiddur á sama ári.

2.3. Niðurstöður mála

Í töflu 4 kemur fram skipting úrskurða yfirskattanefndar árið 2014, annarra en úrskurða í sektarmálum, eftir því hvort úrskurður leiddi til lækkunar gjalda eða ekki. Í fyrri flokkinn eru taldir úrskurðir þar sem krafa er tekin til greina að hluta eða öllu leyti eða skattákvörðun er felld úr gildi, þ.e. úrskurður leiðir til breytinga á skattstofnum, þ.m.t. yfirfæranlegu tapi. Í síðari flokkinn eru taldir úrskurðir sem staðfesta kærða skattákvörðun (kröfu kæranda hafnað að öllu leyti). Einnig falla hér undir mál sem vísað er frá yfirskattanefnd, m.a. sökum þess að kæra berst að liðnum kærufresti, svo og mál sem vísað er til ríkisskattstjóra til uppkvaðningar úrskurðar að nýju, sbr. 12. gr. laga um yfirskattanefnd. Til samanburðar eru tölur tveggja fyrri ára.


Þá er í töflunni hliðstæð flokkun úrskurða yfirskattanefndar um skattsektir, þ.e. hvort sekt var ákvörðuð eða ekki. Í síðari flokkinn falla m.a. sektarmál sem vísað var frá nefndinni af ýmsum ástæðum.

Tafla 4. Niðurstöður úrskurða árin 2012, 2013 og 2014.

Ár	Kærumál			Skattsektarmál		
	Fjöldi úrskurða	Lækkun gjalda	Önnur niðurstaða	Fjöldi úrskurða	Sekt	Ekki sekt
Árið 2012	588	314 (53%)	274 (47%)	32	29	3
Árið 2013	363	96 (26%)	267 (74%)	29	28	1
Árið 2014	280	85 (30%)	195 (70%)	41	39	2

Á mynd 1 er að finna samanburð yfir lengra tímabil, þ.e. frá árunum 2009–2014, um hlutfallslega skiptingu úrskurða í kærumálum eftir því hvort niðurstaða fól í sér lækkun gjalda eða aðra niðurstöðu, sbr. skýringar að framan. Hátt hlutfall úrskurða með gjaldabreytingar á árinu 2012 skýrist aðallega af niðurstöðu í mörgum málum um sektarákvarðanir ársreikningaskrár. Hlutfall gjaldabreytinga er umtalsvert lægra árin 2013 og 2014 en mörg undanfarin ár.

Mynd 1. Niðurstöður úrskurða í kærumálum 2009–2014.



2.4. Gjaldabreytingar yfirskattanefndar


Í töflu 5 er að finna yfirlit um gjaldabreytingar sem leitt hafa af úrskurðum yfirskattanefndar á árinu 2014 og nefndin hefur tilkynnt til innheimtumanns. Breytingar á yfirferanlegu tapi eru ekki taldar til gjaldabreytinga í þessu sambandi. Jafnframt koma fram í töflunni fjárhæðir ákvarðaðra skattsekta það ár og málskostnaðar sem úrskurðaður hefur verið til greiðslu úr ríkissjóði.

Tafla 5. Yfirlit um gjaldabreytingar, skattsektir og málskostnað samkvæmt úrskurðum yfirskattanefndar árið 2014.

	Árið 2014
Tekjuskattur og önnur gjöld til ríkissjóðs sem lögð eru á samhliða álagningu tekjuskatts, þ.m.t. hækkun frádráttarliða (barnabætur, vaxtabætur o.fl.)	-933.357.109
Útsvar	-354.879.818
Virðisaukaskattur, þ.m.t. álag	-18.288.303
Alls lækkun gjalda	-1.306.525.230
Skattsektir (mál frá SRS)	355.100.000
Málskostnaður úr ríkissjóði	5.414.339

Á mynd 2 er að finna yfirlit um fjárhæð gjaldabreytinga (lækkun skatta og gjalda) samkvæmt úrskurðum yfirskattanefndar á árunum 2009–2014 svo og um skattsektir sem ákvarðaðar hafa verið á sama tímabili. Almennt hafa fjárhæðir hækkað umfram verðlagsbreytingar sem verður að telja að gefi til kynna aukið umfang mála. Tekið skal fram að tiltölulega fá og sérstök mál standa að baki háum gjaldabreytingum árin 2012 og 2013.

Mynd 2. Gjaldabreytingar og sektarfjárhæðir árin 2009–2014.




2.5. Mál til meðferðar í árslok 2014

Í árslok 2014 var 241 mál til meðferðar hjá yfirskattanefnd. Þar af voru 30 mál til umsagnar hjá embætti ríkisskattstjóra og þrjár ófullnægjandi kærur lágu fyrir, en 208 mál voru tilbúin til meðferðar fyrir nefndinni.

Á mynd 3 er að finna yfirlit um mál sem til meðferðar voru í árslok 2009–2014, sundurliðað eftir því hversu lengi mál hafði beðið afgreiðslu.


Mynd 3. Mál til meðferðar í árslok 2009–2014, sundurliðað eftir aldri.



2.6. Málsmeðferðartími

Samkvæmt lögum um yfirskattanefnd er hámarksfrestur nefndarinnar til að úrskurða kærur 7,5 mánuðir. Á mynd 4 er gerð grein fyrir málsmeðferðartíma eins og hann reiknast í árslok árin 2009–2014. Málsmeðferðartími er hér miðaður við hlutfall óafgreiddra mála í árslok af fjölda afgreiddra mála á árinu (veltuhraði óafgreiddra mála í árslok). Málsmeðferðartími reiknast 8,7 mánuðir í lok ársins 2014, en var 6,7 mánuðir í lok árs 2013. Að því er varðar árið 2012 er í þessum útreikningi tekið tillit til þess að mörg sams konar mál voru afgreidd það ár.

Mynd 4. Málsmeðferðartími í árslok árin 2009–2014, reiknaður í mánuðum.



2.7. Þjónusta við aðrar úrskurðarnefndir

Í mars 2014 varð að samkomulagi fyrir atbeina fjármála- og efnahagsráðuneytisins að ríkistollanefnd fengi aðstöðu í húsnæði yfirskattanefndar. Í þessu fólst jafnframt að starfsmenn yfirskattanefndar myndu annast ýmis almenn skrifstofustörf vegna ríkistollanefndar. Hliðstætt samkomulag var gert í október vegna úrskurðarnefndar um leiðréttingu verðtryggðra húsnæðislána, en þó víðtækara að því leyti að tilteknir starfsmenn yfirskattanefndar myndu starfa fyrir hina fyrrnefndu úrskurðarnefnd við undirbúning úrskurða.

2.8. Nýr vefur

Í lok nóvember var endurbættur vefur yfirskattanefndar (yskn.is) tekinn í notkun. Við hönnun var m.a. haft í huga að vefurinn virkaði vel jafnt á venjulegum tölvuskjám, spjaldtölvum og snjallsímum.

3. Nefndarmenn og starfsmenn

Í yfirskattanefnd skulu eiga sæti sex menn, þar af fjórir sem hafa starfið að aðalstarfi. Nefndarmenn eru skipaðir til starfa til sex ára í senn. Í fyrsta sinn við skipun nefndarinnar, þ.e. 1. júlí 1992, voru tveir menn skipaðir til tveggja ára, tveir til fjögurra ára og tveir til sex ára.

Sú breyting varð á skipan yfirskattanefndar á árinu 2014 að í lok nóvember lét Gylfi Knudsen, lögfræðingur, af störfum í nefndinni. Við starfi hans sem varaformaður nefndarinnar tók Sverrir Örn Björnsson. Á síðustu dögum ársins ákvað ráðherra skipan Þórarins Egils Þórarinssonar, lögfræðings, í stöðu nefndarmanns og Bjarnveigar Eiríksdóttur, hdl., í starf nefndarmanns í hlutastarfi, frá ársbyrjun 2015.

Nefndarmenn, sem höfðu starfið að aðalstarfi á árinu 2014, voru:

- Anna Dóra Helgadóttir, lögfræðingur.
- Gylfi Knudsen, lögfræðingur, varaformaður til 30. nóvember 2014.
- Ólafur Ólafsson, lögfræðingur, formaður yfirskattanefndar.
- Sverrir Örn Björnsson, lögfræðingur, varaformaður frá 1. desember 2014.

Nefndarmaður í hlutastarfi á árinu 2014 var:

- Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi.

Júlíus Smári, lögfræðingur, gegndi starfi skrifstofustjóra yfirskattanefndar. Auk hans og þeirra nefndarmanna, er hafa starfið að aðalstarfi, voru meginhluta ársins 2014 fjórir starfsmenn hjá yfirskattanefnd. Ársverk voru u.þ.b. 8,4, en voru 8,9 á fyrra ári.

4. Útdráttur úr ársreikningi fyrir árið 2014

Rekstrarreikningur árið 2014

	2014	2013
Tekjur		
Sértekjur	1.659.752	2.183.102
	<u>1.659.752</u>	<u>2.138.102</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	93.547.983	92.406.792
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.011.679	2.800.201
Funda- og ferðakostnaður	1.091.318	526.481
Aðkeypt sérfræðipjónusta	2.016.720	550.727
Annar rekstrarkostnaður	506.504	400.265
Húsnæðiskostnaður	28.988.516	27.797.420
	<u>128.162.720</u>	<u>124.484.886</u>
Eignakaup	216.955	0
	<u>128.379.675</u>	<u>124.484.886</u>
Tekjur umfram gjöld	(126.719.923)	(122.346.784)
Framlag úr ríkissjóði	<u>130.300.000</u>	<u>125.300.000</u>
Hagnaður/tap ársins	<u><u>3.580.077</u></u>	<u><u>2.953.216</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	2014	2013
Eignir		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	16.288.770	12.051.210
Viðskiptakröfur	855.009	915.479
Handbært fé	15.533	15.314
Veltufjármunir	<u>17.159.312</u>	<u>12.982.003</u>
Eignir alls	<u>17.159.312</u>	<u>12.982.003</u>
 Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	12.146.669	9.163.453
Hagnaður/tap ársins	3.580.077	2.953.216
Eigið fé	<u>15.726.746</u>	<u>12.146.669</u>
 Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	1.432.566	835.334
Skuldir	<u>1.432.566</u>	<u>835.334</u>
Eigið fé og skuldir	<u>17.159.312</u>	<u>12.982.003</u>